

Nd.

193. Frumvarp til laga

um breyting á lögum nr. 93 25. sept. 1942, um að reisa nýjar sildarverksmiðjur.

Frá fjárhagsnefnd.

2. gr. laganna orðist þannig: 1. gr.
Til byrjunarframkvæmda samkvæmt 1. gr. heimilast ríkisstjórninni að taka lán fyrir hönd ríkissjóðs, að upphæð allt að 38 millj. króna.

2. gr.
Með lögum þessum eru úr gildi fallin lög nr. 57 7. maí 1946, um breyting á lögum nr. 93 25. sept. 1942.

3. gr.
Lög þessi öðlast þegar gildi.

Greinargerð.

Frv. er flutt samkvæmt ósk atvinnumálaráðherra, og hafa einstakir nefndarmenn óbundið atkvæði um málið. Svo hljóðandi greinargerð fylgdi frv.:

Nauðsyn ber til að hækka lántökuheimild ríkisstjórnarinnar vegna byggingar sildarverksmiðja ríkisins á Siglufirði og Skagaströnd upp í 38 milljónir króna, og skýrskotast í því efni til skýrslu byggingarnefndar sildarverksmiðjanna, dags. 30. f. m., sem prentuð er hér á eftir ásamt 3 fylgiskjölum.

Fylgiskjal.

BYGGINGARNEFND SÍLDARVERKSMIÐJA RÍKISINS

Reykjavík, 30. nóvember 1946.

Byggingarnefnd leyfir sér hér með að senda hinu háa ráðuneyti yfirlit um byggingarkostnað sildarverksmiðjanna á Siglufirði og Skagaströnd, sundurliðað í aðalatriðum. Eru tilgreindir helztu aðilar, sem höfðu með höndum eða önnuðust framkvæmd einstakra hluta verksins, og helztu kostnaðarliðir hjá hverjum fyrir sig. Hér er þó engan veginn um endanlega flokkun að ræða. Auk þess hefur byggingarnefnd ekki enn samþykkt nema nokkurn hluta reikninganna, vegna þess að eigi hefur enn þá unnizt tími til þess að yfirfara þá nema lauslega, og má því vænta, að einhverjar smávegis breytingar geti á þeim orðið.

Nokkuð hefur verið sameiginlegt fyrir báðar verksmiðjurnar, og er ekki að svo stöddu lögð áherzla á nákvæma sundurliðun þeirra upphæða.

Í sambandi við aðalverktakana skal þessa getið:

Vélsmiðjan Héðinn tók að sér að smíða meginhluta þess, sem hugsanlegt var, að smíðað yrði hér á landi, þar af meiri hlutann eftir tilboði, en sumt varð að smíða

eftir reikningi, með því að tími var ekki til stefnu til að ákveða gerð eða stærð allra vinnslu- og flutningstækja og síðan bíða eftir tilboðum. Af tækjum og efni, sem Héðinn útvegaði erlendis frá, eru stærstu liðirnir efni í stálgrindarhús til mjölgeymslu og lýsisgeyma.

Vélsmiðjan Héðinn tók að sér uppsetningu allra véla og tækja að fáu undanskyldu. Voru fagmenn sendir frá Reykjavík, en þeim til aðstoðar voru allmargir verkamenn á hvorum stað. Launagreiðslur allar eða taxtar hér að lútandi, svo og aðrar í sambandi við verkið, voru að sjálfsgöðu samkvæmt ákvæðum verðlagsnefndar, ef ekki var um ákvæðisvinnu að ræða.

Um lið 4 er það að segja, að þar af er nokkuð ónotað, og verður það afhent verksmiðjustjórn, ef þess er óskað, en að öðrum kosti verður það endursent eða því komið í verð á annan hátt. Getur það að sjálfsgöðu ekki talizt til stofnkostnaðar.

Þetta gildir og um nokkuð af efni til raflagna.

Almenna byggingarfélagið h/f tók að sér að reisa hús öll (að undanskildum grindum mjölgeymsluhúsa) og framkvæma annað byggingarlegs eðlis. Ekki gat verið um að ræða að taka þetta að sér í ákvæðisvinnu, með því að enginn undirbúnings-tími var til áætlana og útreikninga, sem nauðsynlegir voru í þessu skyni, heldur varð þegar að hefja framkvæmdir, ef nokkur von átti að vera til þess, að verksmiðjurnar kæmu að gagni á vertíðinni 1946, svo sem kappkosta átti samkvæmt fyrirmælum atvinnumálaráðherra. Eftir allmiklar umræður og samningsumleitani, varð það úr að ákveða fasta upphæð fyrir umsjón með verkinu, og var þar í innifalið kaup og allur kostnaður vegna aðalverkstjóra á báðum stöðunum ásamt skrifstofuhaldi þar. Er sýnilegt, að þetta hefur orðið hagkvæmara en að greiða hundraðshluta af vinnulaunum og akstri, svo sem algengt er, enda þótt um stíglækkandi greiðslu hefði verið að ræða, eins og í ráði var upphaflega. Byggingarnefndin leyfir sér að láta fylgja hér með eintak af ákvæðum þeim, sem verktakar vilja láta gilda í þessu efni. Er óhætt að fullyrða, að þeir, sem tekið geta að sér framkvæmdir stórra mannvirkja, hafa engan sérstakan áhuga á því að taka að sér verk langt frá heimilum sínum, þar sem umsjón öll er mun erfiðari og dýrari en í námunda við aðsetursstað verktaka.

Byggingarnefndin hefði að sjálfsgöðu kosið að geta samið um lægri upphæð en raun varð á, en hér er við ramman reip að draga, enda flestum kunnugt, hvílíkt þjóðfélagsvandamál byggingarframkvæmdir allar eru orðnar hér á landi.

Samkvæmt samningi bar A. B. F. að aðstoða byggingarnefnd við útvegum hvers konar byggingarefnis án nokkurrar aukapóknunar. Þegar byggingarnefndin tók til starfa, var mjög mikill hörgull á hvers konar byggingarefni, en síldarverksmiðjur ríkisins áttu nokkurt efni, sem nefndin fékk til umráða, og nokkuð fékkst að láni hjá hafnarnefnd Skagastrandar. A. B. F. hefur ekki pantað sjálft neitt byggingarefni á vegum nefndarinnar, en áður en nefndin tók til starfa, hafði félagið keypt timbur í Svíþjóð og leigt skip til flutnings á timbrinu. Eins og sakir stóðu taldi byggingarnefnd sér nauðsynlegt að fá þetta timbur til umráða og komst að samkomulagi um það, að félagið fengi ekki nema helming löglegrar álagningar.

Hér er ekki hægt að ræða um einstök atriði, en þess má þó geta, að álagning verzlunarfélags þess, sem útvegaði járn og sement, var 3%.

Í byggingarkostnaði Siglufjarðarverksmiðjunnar er meðtalin nokkur upphæð, sem S. R. ber að greiða vegna þátttöku í byggingu mjölskemmu, aflstöðvar, ketilhúss og reykháfs, vegna stækkunar S. R. 30.

A. B. F. kostaði skrifstofu bæði á Skagaströnd og Siglufirði. Félagið hafði meðal annars með höndum útvegum allra trésmiða og verkamanna og sá um vinnuskýrslur, útborgun vinnulauna og greiðslu hvers konar daglegs kostnaðar. En byggingarnefnd hafði eftirlitsmann á hvorum stað. Byggingarnefnd réð Magnús Vigfússon byggingarmeistara sem aðaleftirlitsmann með öllum byggingarframkvæmdum. Magnús Vigfússon var tilnefndur í byggingarnefnd af S. R. Hafði hann verið í þjónustu verksmiðjanna undanfarin ár og meðal annars haft með höndum byggingu Raufarhafnarverksmiðjunnar.

Í sambandi við byggingarkostnað verksmiðjanna, sem mörgum mun vaxa í augum, má benda á nokkur atriði óvanalegs eðlis, sem höfðu talsverðan kostnað í för með sér.

Á Skagaströnd þurfti að byggja íbúðar- og mótuneytisskála, koma upp vélsmiðju og byggja geymsluskemmur. Þetta mun hafa kostað um 600 þús. krónur. Þessi mannvirki eru allmikils virði og verða yfirleitt notuð á einhvern hátt af S. R., þótt ekki geti þau reiknast við afhendingu með fullu kostnaðarverði. Þá er alkunnugt, að sprengja þurfti upp grjót og flytja það ásamt mól og sandi til uppfyllingar undir flest mannvirki, sem hér var um að ræða, með því að mestallt svæði það, sem byggt var á, var fyrir neðan sjávarmál. Þá þurfti m. a. að kosta flutning á stóru geymsluhúsi, sem höfnin átti.

Á Siglufirði þurfti að rífa nokkuð af eldri mannvirkjum og einnig að fylla nokkuð upp fram í sjó, til þess að koma þró og verksmiðjubyggingu haganlega fyrir. Nýbyggingin þurfti einnig að kosta byggingu mjölgeymsluhláss fyrir 2000 tonn, í stað mjölskemmu S. R., sem tókst að nokkru af við byggingu nýju verksmiðjunnar. Lóð sú, sem keypt var undir mjölskemmu (um 6500 m²), þurfti uppfyllingar, sem ekki mun kosta undir ca. 300 þús. kr., og fleira mætti telja, sem ekki þarf að jafnaði að reikna með við byggingu nýrra verksmiðja.

Um lóðir og eignir, sem keyptar voru á Siglufirði, má geta þess, að nokkuð þeirra er keypt með frekari aukningu fyrir augum og tilheyrir því ekki að öllu nýbyggingunni, þótt það sé í bili fært henni til reiknings.

Þótt byggingarkostnaður verksmiðjanna sé hár, verður ekki annað séð en að hann sé eðlilegur með tilliti til þeirrar verðhækkunar, sem orðið hefur síðan fyrir nýafstaðna heimsstyrjöld.

Raufarhafnarverksmiðjan, sem lók til starfa sumarið 1940, kostaði rúmar 2 millj. kr. Afköst þessarar verksmiðju fyrstu 5 árin voru að meðaltali um 4000 mál á sólarhring. Ætla mætti, að verksmiðja með tvöföldum þessum afköstum, sem ekki er fjarri að reikna Skagastrandarverksmiðjuna, hefði kostað um 3.5 millj. árið 1939—1940. Byggingarkostnaður Skagastrandarverksmiðjunnar er ca. 5-föld þessi upphæð. Munu þeir, sem reynslu hafa á þessu sviði, bezt geta dæmt um það, hvort hér sé um nokkurn óvenjulega háan byggingarkostnað að ræða. Í þessu sambandi má benda á, að án þess að gert sé lítið úr Raufarhafnarverksmiðjunni á nokkurn hátt, getur hún ekki að öllu leyti talizt sambærileg við Skagastrandarverksmiðjuna, eins og henni er ætlað að verða.

Hér er enn ótalið, að með tiltölulega litlum kostnaði má auka afköst Skagastrandarverksmiðjunnar upp í 10—12 þús. mál á sólarhring. Til þessa þarf lítið annað en bæta nokkru við uppfyllingu, breikka verksmiðjuhúsið um ca. 6 m, tvær hæðir, og koma þar fyrir einni pressu og þurrkara ásamt nokkrum smærri tækjum. Ketilhús, aflstöð, lýsisgeymar o. fl. þarfnast engar viðbótar.

Siglufjarðarverksmiðjan er tiltölulega ódýrari en Skagastrandarverksmiðjan, með því að byggingarkostnaður hennar verður 19—20 millj., en afköstin 10—12 þús. mál á sólarhring, enda er ekki gert ráð fyrir aukningarmöguleikum í sambandi við hana.

Meðan á stríðinu stóð, var byggð 2500 mála verksmiðja á Ingólfsfirði, sem stækkuð hefur verið upp í ca. 5000 mála afköst á sólarhring. Oss er ekki fullkunnugt um, hver kostnaður hefur orðið við byggingu þeirrar verksmiðju.

Sumir telja, að með fullnægjandi mjölskemmu og lýsisgeymum muni kostnaðurinn verða um 8 millj., og er ástæða til að ætla, að þetta sé ekki fjarri lagi, en aðrir nefna jafnvel 10 millj.

Sé tekið tillit til þess, að þegar bygging Ingólfsfjarðarverksmiðjunnar hófst, en hana munu einhverjir vilja nefna til samanburðar, voru vinnulaun jafnvel margfalt lægri en nú er orðið, verður ekki annað séð en byggingarkostnaður síldarverksmiðja ríkisins muni vera sambærilegur við byggingarkostnað Ingólfsfjarðarverksmiðjunnar.

Byggingarnefndin sér ekki ástæðu til að fara um þetta mál fleiri orðum að svo stöddu, en mun þegar þar að kemur, að gengið hefur verið frá öllum reikningum og

verksmiðjurnar afhentar að fullu, láta fylgja athugasemdir um sitt hvað af því, sem haldið hefur verið fram í sambandi við byggingu umræddra verksmiðja og mörg blöð landsins hafa flutt með stórletruðum fyrirsögnum.

Með tilliti til þess, sem að framan greinir, og meðfylgjandi bráðabirgðareikningsyfirlits telur byggingarnefndin, að fjárveitingarheimild til þess að standa straum af kostnaði við byggingarframkvæmdir þær, sem hér um ræðir, þurfi að vera allt að 38 millj. kr.

Virðingarfyllt.

Byggingarnefnd síldarverksmiðja ríkisins.

Trausti Ólafsson.

Til atvinnuáráðuneytisins, Reykjavík.

Fskj. 1.

		Siglufjarðarverksmiðjan.
Vélsmiðjan Héðinn h/f.		
1.	Smiðað samkv. tilboði	kr. 1998344.88
2.	Smiðað samkv. reikningi	ca. — 1100000.00
3.	Útveguð tæki og efni í mannvirki	— 1572095.79
4.	Efni og áhöld af „lager“	— 572319.65
5.	Eikarspjöld í flutn.bönd (frá Slippnum)	— 25338.60
6.	Uppsetning véla, lýsisgeyma, mjölhúsa o. fl.	— 1418745.54
7.	Vinna verkam. til aðstoðar við lið 6	— 577435.65
8.	Teikningar og útreikningar	— 24225.00
9.	Ferðakostnaður o. fl.	— 57261.33
Stálsmiðjan h/f.		
10.	Vinnulaun og vélaleiga	— 155849.59
11.	Efni	— 12927.99
Johan Rönning h/f.		
12.	Vinna við raflagnir	— 177784.63
13.	Raflagnarefni	— 177844.10
Alm. byggingarfélagið h/f og aðrir.		
14.	Vinnulaun	— 3567377.97
15.	Akstur	— 626956.97
16.	Sement	— 552496.85
17.	Timbur	— 239345.67
18.	Járn	— 274544.72
19.	Byggingarefni (sandur, möl o. fl.)	— 319602.89
20.	Rafmagnsvörur (jarðstrengir o. fl.)	— 231997.77
21.	Fæðiskostnaður, húsaleiga o. fl.	— 407421.50
22.	Innanlands farmgjöld	— 347458.45
23.	Ýmislegt	— 151363.37
24.	Vélaleiga, þar með talinn rekstrarkostn.	— 58538.81
25.	Umsjónarlaun A. B. F. (og skr.st.hald á Sigluf., þar í laun yfirverkstjóra)	— 400000.00
26.	Útreikningur járnbenntar steypu o. fl.	— 75000.00
27.	Vélar og tæki pöntuð af byggingarn.	— 2700000.00
28.	Rafmótorar og „variatorar“ (E. Ormsson h/f)	— 150000.00
29.	Uppsetning, flutn. tækja í mjölhús, ýmsar lagfæringar og frágangur	— 300000.00
30.	Skrifstofu- og nefndarkostnaður, laun umsjónarm., ferðakostn., teikn. o. fl.	— 250000.00
31.	Vextir og lántökugjald	ca. — 850000.00
32.	Keyptar lóðir og húseignir	— 443350.35
Samtals		kr. 19842628.07

Fskj. 2.**Skagastrandarverksmiðjan.**

Vélsmiðjan Héðinn h/f.

1. Smíðað samkv. tilboði	kr.	1446400.00
2. Smíðað eftir reikningi	—	1069487.16
3. Útveguð tæki og efni í mannvirki	—	1288709.45
4. Efni og áhöld af lager	—	756194.86
5. Eikarspjöld í flutningsbönd (Slippurinn)	—	25338.60
6. Uppsetning véla, lýsisgeyma, mjölhúsa o. fl.	—	1247104.80
7. Vinna verkam. til aðstoðar við lið 6.	—	482492.64
8. Teikningar og útreikningar	—	24224.53
9. Ferðakostnaður o. fl.	—	39599.58

Stálsmiðjan h/f.

10. Vinnulaun (við lýsisgeyma)	—	116666.25
11. Efni	—	14058.54
12. Ferðakostnaður	—	693.00

Johan Rönning h/f.

13. Vinna við raflagnir	—	242721.27
14. Efni til raflagna	—	218675.95

Almenna byggingarfélagið h/f.

15. Vinnulaun	—	3380466.59
16. Akstur	—	641569.67
17. Sement	—	453270.41
18. Tímbur	—	266512.60
19. Járn	—	273792.54
20. Byggingarefni (í bragga, vöruskemmur o. fl.)	—	429694.05
21. Vélaleiga	—	324449.92
22. Ýmislegt	—	245544.09
23. Vélsmiðja	—	26981.07
24. Rafmagnsvörur (jarðstrengir o. fl.)	—	136946.02
25. Innanlandsfarmgjald	—	97226.85
26. Vélar o. fl.	—	66665.34
27. Kostnaður við matarfélag	—	333338.14
28. Umsjónarlaun (þar í laun yfirverkstj. og skrifstofu- hald á Skagaströnd)	ca. —	400000.00
29. Útreikningur járnbenstrar steypu o. fl.	— —	65000.00
30. Vélar og tæki pöntuð af byggingarnefnd	— —	2200000.00
31. Rafmótarar og tæki til breyt. hraða á pressum ..	— —	130000.00
32. Unnið með eigin bifr. og tækjum (að meðt. kaupverði tækjanna)	ca. —	400000.00
33. Uppsetn. flutningur tækja í mjölskemmur og ýmsar lagfæringar og frágangur	ca. —	225000.00
34. Skrifstofu- og nefndarkostnaður, laun umsjónarmanna, ferðakostnaður, teikningar o. fl.	ca. —	200000.00
35. Vextir og lántökugjald	—	850000.00

Samtals kr. 18118823.86

Fskj. 3.**Uppkast að reglugerð um umsjónarþóknun til meistara í húsasmíði.**

1. gr.

Þegar trésmíðameistari tekur að sér verk og semur um það við verkeiganda, ber meistarann að tilkynna verkeigandanum þær kvaðir, ef óskað er, sem honum (verk-

kaupa) ber að standa kostnað af, svo sem orlof, flutning á verkamönnum að eða frá vinnustað, ef með þarf, svo og reglur um dagvinnutíma, eftirvinnu, nætur- og helgidagavinnu.

2. gr.

Taki meistari að sér verkstjórn og umsjón fyrir aðra á þann hátt, að hann sé ekki bundinn við að vinna sjálfur venjulega iðnaðarvinnu við verkið, fremur en hann sjálfur óskar, ber honum umsjónarlaun á þann hátt, að hann fær vissa greiðslu eða hundraðstölu (%) miðuð við útborguð vinnulaun þeirra manna, sem hann hefur umsjón yfir, þannig:

Af verki, sem nemur kr. 10000.00 eða minna, 20%. Af næstu 40 þúsundum 17%, og 15%, fari verkið yfir 50 þúsund krónur.

Innfalið í þessari þóknun er: Ábyrgð gagnvart byggingarnefnd, aðstoð um útvegum efnis, ráðning á mönnum, reikningshald svo glöggð yfir vinnulaunagreiðslur til hvers einstaklings, að það sjáist á hverjum tíma (skattstofan) og daglegt eftirlit. Þá ber og meistara að greiða slysátryggingargjöld svo og slysaviku, samkvæmt samþykkt viðkomandi iðnfélags.

Vinni meistari fagvinnu við verkið, ber honum tímakaup meistara auk þess, sem að framan getur.

3. gr.

Leggi meistari fram fé fyrir verkeiganda til efniskaupa, er honum heimilt að leggja 5% á slíka reikninga. Hann má og leggja sama álag á vinnulaunareikninga, sem hann greiðir fyrir verkeiganda, ef dráttur á greiðslunni frá verkeiganda hendi dregst meir en 3 vikur, enda hafi hann á tünabilinu verið krafinn um greiðsluna eða um þetta hafi verið samið á annan hátt.

Þá ber og einnig að leggja sama álag á flutningskostnað (bilk.), sem hann leggur út fyrir verkkaupa.

4. gr.

Láti meistari vinna eftir verðskrá iðnfélaganna (uppmælingu), ber honum ekki að leggja á nema 10%, enda ber honum þá ekki greiðsla á slysátryggingargjöldum eða áhættu af slysaviku.

5. gr.

A. Þegar meistari tekur að sér verk fyrir aðra, eða er ráðinn verkstjóri hjá öðrum meistara og er ráðinn með fullu tímakaupi meistara og hefur stöðuga vinnu við verkið, getur hann ekki átt kröfu til aukabóknunar, enda sé vinna hans ekki önnur fram yfir dagleg störf en ábyrgð gagnvart byggingarnefnd og að halda dag-skýrslu um vinnutíma þeirra manna, sem hann er settur yfir.

B. Sé vinna meistara margþættari en að framan greinir, t. d. að hann sé í ráðum með útvegum á efni, annist útreikning á vinnuskráum og sjái um að koma vinnulaunum til verkamanna, útvegi menn til verksins eða verði að standast kostnað af slysaviku, ber honum allt að 10% aukabóknun miðað við vinnulaunagreiðslur þeirra manna, sem hann hefur yfir að sjá.

Þeir tímar, sem fara í úttekt á efni, teljast til unninna vinnutíma.

6. gr.

Þegar kaup er tekið samkvæmt B-lið 5. gr., er átt við hundraðsgjald (%) af vinnulaunum þeirra manna, sem meistarinn ræður yfir, sveinum, nemendum og verkamönnum, þó ekki af þeim verkamönnum, sem heyra undir umsjá meistara í öðrum fögum, ekki heldur af fagmönnum annarra iðngreina, nema þeir séu óháðir meistara sinnar iðngreinar eða þeir séu ráðnir af meistaranum og hann annist kaupgreiðslu til þeirra.

7. gr.

Meistara eða byggingarfélagi ber ekki að leggja til önnur verkfæri en algeng verkamannaáhöld (skóflur, haka), en séu vélknúin áhöld lánuð til verksins, hverju nafni sem nefnist, ber verkeiganda að greiða leigu eftir þau eftir fyrir fram ákveðnum samningi, svo ber honum og að greiða flutningskostnað á mönnum, ef unnið er í þeirri fjarlægð frá hænum, að þess þurfi með.

Þá ber verkeiganda og að greiða viðlegukostnað, húsnæði, matreiðslu og þess háttar, einnig kostnað við vinnuskýli verkamanna.